



FLÓRGÖÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

2. tbl. 17. árgangur



JÁKVÆTT VIÐHORF - GOTT SAMSTARF

SAMVINNA, ÁBYRGÐ, TILLITSSEMI, TRAUST

Í foreldrasamstarfi er mikilvægt að jákvæð viðhorf foreldra til skólans og starfsmanna hans endurspeglis í viðmóti beggja aðila. Til að gott samstarf geti átt sér stað er nauðsynlegt að nálgast skólann af virðingu. Sömu sögu er að segja um kennara og aðra sem koma að samstarfinu. Virðingin þarf sannarlega að vera gagnkvæm.

Jákvætt viðmót einkennist af hrósi. Kennarar, nemendur og foreldrar hafa allir þörf fyrir hrós og hvatningu. Allir aðilar sem koma að skólaumhverfinu ættu því að vera hvetjandi svo skólastarfið og samskiptin gangi vel

Samvinna, ábyrgð, tillitssemi, traust, vinátta, virðing og væntumþykja eru allt þættir sem auka jákvæðni innan skólans.

Sterkt samband er á milli virðingu foreldra gangvart skólanum og þeirrar virðingar sem nemendur bera fyrir kennurum sínum og skólastarfinu.

Rannsóknir hafa sýnt að þeir foreldrar eru jafnframt jákvæðari gangvart samstarfi með kennaranum þegar kemur að því að leita lausna við vandamálum sem koma upp. Með samstarfinu öðlast kennarar aukinn stuðning við störf sín og þess vegna ættu þeir að leggja mikla áherslu á það að stuðla að góðum og jákvæðum samskiptum.

ÁSLANDSSKÓLI HNETULAUS

NOKKUR BÖRN Í ÁSLANDSSKÓLA GREIND MEÐ BRÁÐAOFNÆMI FYRIR HNETUM

Í flestum skólum er einhver með bráðaofnæmi, ýmist börn eða starfsfólk. Bráðaofnæmi eru skjót og lífshættuleg ofnæmisviðbrögð þar sem ofnæmisvaldurinn er oftast fæða, lyf eða skordýrabít.

Nokkur börn í Áslandsskóla eru greind með bráðaofnæmi fyrir hnetum. Einstaklingur með bráðaofnæmi fyrir hnetum þarf ekki að borða hnetur til að fá ofnæmisviðbrögð. Nóg er að hann komist í snertingu við matvæli sem innihalda hnetur. Einnig getur snerting við einstakling sem hefur verið að meðhöndla hnetur valdið svænum ofnæmisviðbrögðum.

Af þessum ástæðum hefur sú stefna verið tekin að Áslandsskóli verði hnetulaus skóli. Í því fellst að matur innan skólans innihaldi ekki hnetur af neinni gerð, hvorki jarðhnetur eða trjáhnetur (pekanhnetur, kasjúhnetur, möndlur o.fl.).

Við mælumst því til þess, kæru foreldrar, að skólanesti barnanna ykkar innihaldi ekki hnetur.

Hafa skal í huga að hnetur leynast í mörgu svo sem hnetusmjöri, hnetujógúrt, ýmsu bakarísbrauði, satay-sósu o.s.frv.

Fyrirspurnum og ábendingum má beina til skólahjúkrunarfræðings.



FJÖLGREINDALEIKAR

FRAMÚRSKARANDI LIÐSHEILD Í HVERJU LIÐI / KÆRLEIKSRÍKIR FYRIRLIÐAR

Fjölgreindaleikar voru í Áslandsskóla í vikunni. Á fjölgreindaleikum er skólastarf brotið upp. Kennarar settu upp fjölbreyttar stöðvar um allan skóla þar sem hæfileikar hvers og eins nemanda og kennara fengu að njóta sín. Öllum nemendum skólans var blandað í lið, þannig unnu nemendur í 1.-10. bekk saman og skipuðu saman hvert lið.

Allir nemendur fóru einu sinni á hverja stöð en alls voru stöðvarnar 40 talsins. Hvert lið hafði fyrirliða úr hópi elstu nemenda skólans sem stýrði sínu liði. Það er sannarlega eitt af því allra skemmtilegast við fjölgreindaleikana, að sjá hve vel elstu nemendurnir hugsa um þá yngstu í sínum hópi, leiðbeina þeim og sýna þeim virðingu, umhyggju og kærleik.



NÚVITUND

Rannsóknir sýna að núvitund eykur vellíðan og dregur úr streitu og kvíða.

Með núvitund næst betri tilfinningastjórnun og bætt samskipti. Þeir sem stunda

núvitund fá aukna samkennd fyrir sjálfum sér og öðrum. Lífið er í dag og því ber að fagna.



FJÖLGREINDALEIKAR

BYGGÐIR Á FJÖLGREINDUM HOWARDS GARDNER

Fjölgreindaleikarnir byggja á fjölgreindum taugasálfræðingsins Howards Gardner.

Gardner skipti greind upp, fyrst sjö flokka en síðar átta flokka og hélt því fram að við gætum verið snjöll í mörgum flokkum en þó sterkust í einum flokki.

Eins og í mörgu öðru er mikilvægt að þróa sig á þeim sviðum sem við erum hvað sterkust, en einnig þeim sem við erum ekki eins sterk.


Þannig gæti einstaklingur verið: tónsnjall, sjálfssnjall, líkamssnjall, umhverfissnjall, myndsnjall, orðsnjall, félagsnjall, talna- eða röksnjall.



HEIMALESTUR

Átt þú korter á dag ?

Lesum með börnum okkar, gefum þeim gott veganesti út í lífið



MYNDIR

Forsíðumyndina á Eygló Benediktsdóttir 8.-VBP - Klettaheimum.

Myndir á þessari opnu eru frá fjölgreindaleikum 2018.



DAGUR GEGN EINELTI

MARGVÍSLEG DAGSKRÁ Í ÁSLANDSSKÓLA

Fimmtudagurinn 8. nóvember var baráttudagur gegn einelti.

Verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti ákvað að koma slíkum degi á fót og var hann fyrst haldinn árið 2011. Þann dag var einnig undirritaður þjóðarsáttmáli um jákvæð samskipti.

Í tilefni dagsins söfnuðust allir nemendur og starfsmenn Áslandsskóla saman á skólalóð og mynduðu vinahring utan um skólann sinn.

Umræða um einelti, vináttu og mikilvægi jákvæðra samskipta er nauðsynleg. Það er okkur í Áslandsskóla mikilvægt að nemendur okkar séu góðar fyrirmyndir og leggi sitt af mörkum til að vinna bug á þessu samfélagslega böli.

SKÓLARÁÐ ÁSLANDSSKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2018-2019

Í skólaráði 2018-2019 sitja:

Leifur S. Garðarsson skólastjóri
Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri
Guðrún Benediktsdóttir kennari
Pétur Ingvarsson kennari
Freyja Jóhannsdóttir fulltrúi annars starfsfólks
Klara Guðmundsdóttir fulltrúi foreldra
Kristín Ólöf Grétarsdóttir fulltrúi foreldra
Ágúst G. Kjartansson fulltrúi nemenda
Agnes Helga Gísladóttir fulltrúi nemenda
Særós Rannveig Björnsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags.

DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

STÓRA OG LITLA UPPLÉSTRARKEPPNIN

Fimmtudaginn 16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu. Sá dagur er ávallt haldinn á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar skálds.

Á þessum degi setjum við Stóru og Litlu upplestrarkeppnina í Áslandsskóla.

Nemendur í 7. bekk taka þátt í þeirri Stóru og nemendur í 4. bekk í þeirri Litlu. Stórkostlegt er ár hvert að fylgjast með nemendum þjálfra sig í upplestri undir faglegri og metnaðarfullri stjórn kennara sinna.

Stóru upplestrarkeppninni lýkur með hátíð hér í skólanum og tveir fulltrúar fara síðan í Hafnarborg í mars sem fulltrúar Áslandsskóla. Litlu upplestrarkeppninni lýkur með upplestrarhátíð í febrúar.

MATARMÁL

BÓKUN SKÓLARÁÐS

Skólaráð Áslandsskóla staðfestir með undirskrift sinni breytingar á skipulagi matarmála nemenda í Áslandsskóla. Frá og með deginum í dag geta nemendur settið saman í hádegishléi, hvort sem þeir eru í mataráskrift eða komi með nesti að heiman.

Gert á fundi skólaráðs Áslandsskóla í Hafnarfirði þann 26 / 10 2018

Á döfinni

NÓVEMBER & DESEMBER



NÓVEMBER

Fjölgreindaleikar 6.-7.11.
Baráttudagur gegn einelti 8.11.
Dagur íslenskrar tungu 16.11.
Fullveldisratleikur 30.11.



DESEMBER

Jólaböll 20.12.

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1
221 Hafnarfirði
S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórigoðans:
LEIFUR S. GARÐARSSON
Skólastjóri